

Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu, mánudaginn 09.03.2019, kl. 17:30

Mættir: Ásta Kristjánsdóttir, Gunnar Berg Viktorsson Jóhannes Egilsson, Sigurður Bjarnason, Sigríður Dís Guðjónsdóttir Kristján Thorlacius, Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir, Einnig sat fundinn Baldvin Sturluson fjármálastjóri sem ritaði fundagerðina.

Fundagerð:

formaður, Sigurður Bjarnason, setti fundinn og stýrði

1. Yfirferð á ársreikningi – Drög að ársreikningi lögð fyrir aðalstjórn. Baldvin fjármálastjóri fór yfir reikninginn og lagði fyrir aðalstjórn til samþykktar.
2. Aðalfundur fyrir starfsárið 2019
 - i. Dagsetning á fundi – ákveðið var að fresta fundinum til 22. apríl, Baldvini var falið það verkefni að senda póst út á formenn deilda og tilkynna þeim um þessa ákvörðun.
 - ii. Heiðurs- og verðlauna afhendingar – Tilnefningar frá deildum voru yfirfarnar og lagðar til samþykktar.
 - iii. Önnur mál tengd aðalfundi: Vinna tengd ársskýrslu heldur áfram og önnur praktísk atriði varðandi aðalfund félagsins verða ákveðin þegar nær dregur.
3. Önnur Mál
 - i. Lagt var til að hækka félagsgjald Stjörnunnar úr 3.500 kr. í 4.500 kr. sem var samþykkt.
 - ii. Beiðni lág fyrir aðalstjórn frá handknattleiksdeild Stjörnunnar um að fá að sjá um Kvinnahlaupið 2020 og var það samþykkt. Jafnframt mun aðalstjórn hvetja Handknattleiksdeild að gera meira úr viðburðinum og fá fleiri deildir innan félagsins með sér í lið.
 - iii. Ásgarðsmálinu er formlega lokið af hálfu handknattleiksdeildar og er áætlað að leggjast í vinnu með bæjaryfirvöldum um að breyta Mýrinni í betra keppnishús.
 - iv. Fjármálastjóri fékk umboð frá aðalstjórn til að útfæra hvernig félagið gæti tekið á sjúkrakostnaði afreksdeilda þar sem 80% endurgreiðsla frá ÍSÍ féll úr gildi 1. mars síðastliðinn.
 - v. Breytingar á Stjörnuheimili klárast á næstu 2 vikum og lagði aðalstjórn áherslu á það að fara að koma Dúllubar og heimilinu sjálfu í útleigu og fá þannig inn auknar tekjur.

fundur var slitið kl. 20:30, Ritað BS

